



## Skipulagsnefnd –5.10.2015

17. fundur

5. október 2015 kl. 13:00-15:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið.

---

### Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Hólmgeir Hallgrímsson

### Starfsmenn:

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

( í fjarveru Selmu Ásmundsdóttur)

---

### Dagskrá:

1. *Reykjahlið. Nafngift á nýrri götu.*
2. *Landsskipulagsstefna 2015-2026. Ósk um umsögn frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.*
3. *Átak í umhverfismálum. Tilmæli til sveitarstjórnar.*

### 1. **Reykjahlið. Nafngift á nýrri götu.**

S20120204

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 30. september var m.a fjallað um nafn á nýrri götu í Reykjahlið og fól sveitarstjórn skipulagsnefnd að koma með tillögu að nafni á götuna.

*Skipulagsnefnd samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa eftir hugmyndum í Mýflugunni. Tillögur skulu liggja fyrir fyrir næsta fund nefndarinnar 2. nóvember n.k.*

B.R.  
A.F.

## 2. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Ósk um umsögn frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

S20151001

Borist hefur til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026 frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Skipulagsnefnd leggur við sveitarstjórn að lögð verði áherslu á eftirfarandi atriði:

- Samkvæmt greinargerð tillögunar virðist landsskipulagsstefna takmarka umtalsvert sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í skipulagsmálum þar sem víða er talað um að við aðalskipulagsgerð skuli taka tillit til innihalds landsskipulagsstefnu og annarra áætlana s.s kerfisáætlunar Landsnets. Hvað varðar Skútustaðahrepp þá virðist ríkið stöðugt ganga lengra inná skipulagsrétt sveitarfélagsins.
- Almenn þarf að skýra betur hvað átt er við með **sjálfbærni hugtakinu** í tillögunni. Hvað þýðir t.d sjálfbær byggð og sjálfbærar samgöngur?
- Í tillögunni eru sveitarfélögum á miðhálandinu falin margvísleg verkefni og mótun margvíslegra stefna. Mikilvægt er að kostnaðarmat vegna aðkomu sveitarfélagana fari fram og þeim tryggðir tekjustofnar til að standa straum af þeim kostnaðarauka sem af þessu hlýst.
- Skv. nokkrum kortum sem sjá má í greinargerðinni með tillögunni virðist Skútustaðahreppur að mjög stórum hluta lenda innan skilgreininar miðhálandisins. Nauðsynlegt er að Mývatnssveit verði skilgreind sem jaðarmiðstöð, enda uppfyllir sveitarfélagið öll skilyrði fyrir slíku.

## 3. Átak í umhverfismálum. Tilmæli til sveitarstjórnar.

S20151001

Skipulagsnefnd beinir eftirfarandi tilmælum til Sveitarstjórnar Skútustaðahrepps að frumkvæði nefndarmanna Helga Héðinssonar og Péturs Snæbjörnssonar:

Skipulagsnefnd Skútustaðahrepps skorar á sveitarstjórn að hlutast til um að hafið verði átak í umhverfismálum í hreppnum með það að markmiði að bæta ásýnd svæðisins og auðvelda umferð á göngu og hjóllaleiðum í baklandi sveitarinnar. Átakið skal beinast að því að fjarlægja ónotuð útihús eða koma þeim í notkun og rífa upp hvers konar óþarfar og ónýtar girðingar eða endurnýja sé þeirra þörf. Átakið nái einnig til gangnamannaskála, gripahúsa og girðinga þeim tenda. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur undir forystur skipulags- og byggingarfulltrúa og að í hópnum sitji fulltrúi bænda, fulltrúi landeigenda, fulltrúi ferðaþjónustunnar og einn kjörinn sveitarstjórnarfulltrúi fyrir almenning. Hópurinn geri skýrslu um ástand húsa og girðinga, ræði við eigendur þeirra og komi með tillögur til úrbóta. Hópurinn skili af sér fyrir áramót 2015/2016. Þá verði strax skipaður annar hópur til að finna fjámögnunarleiðir, förgunarleiðir og að koma úrbótunum í framkvæmd og skal áætlunin framkvæmd sumarið 2016. Í þeim hópi sitji sveitarstjóri, fulltrúi landeigenda og fulltrúi bænda.

Fundi slitið.

Helgi H.  
Pétur Snæbjörnsson  
Andri Bergbjörnsson  
Hönnuður G. Halldóttir  
Bergur Steingrímsson

H.H.